

JÓN SAMSONARSON

## TÓUVERS KLEMUSAR BJARNASONAR

### 1. Á ALÞINGI

ÁRIÐ 1690 kom fyrir á alþingi galdramál Klemusar Bjarnasonar úr Strandasýslu. Rögnvaldur Sigmundsson í Fagradal innri, sem hafði sýsluvöld í Strandasýslu, auglýsti héraðsdóma og málsundirbúning í lög-réttu, en lögmennirnir Magnús Jónsson og Sigurður Björnsson nefndu tólf menn að rannsaka galdraáburði að nýju. Meðal sakargifta var með-kenning Klemusar um tóuvers, 'sem hann játaði sig lært og lesið hafa yfir kindum sínum'.

Nefndarmenn ályktuðu Klemus lögfalinn, og kom málið til endanlegs álits í lögréttu 9. júlí. Þar var meðal kæruatriða:

3. Hans meðkennd brúkun á tóuversi yfir sínum fénaði, með stórrí vanbrúkun guðs heilaga nafns.

Klemus var dæmdur frá lífi og skyldi 'í eldi brennast, sem svarinn og sannprófaður ódádamaður', eftir forsvaranlegri tilhlutan Rögnvalds Sigmundssonar sýslumanns. Um framkvæmd refsingar og tíma skyldi sýslumaður leita atkvæða amtmanns, sem var Christian Müller.<sup>1</sup>

Aftöku Klemusar var frestað og málinu skotið til konungs að boði amtmanns. Á meðan var Klemus í varðhaldi hjá sýslumanni. Með bréfi konungs til amtmanns, dagsettu 5. maí 1691, var ákveðið að Klemus skyldi halda lífi, en vera útlægur af landinu ævinlega. Bréf konungs var lesið upp í lögréttu 1691.<sup>2</sup>

Klemus sigldi um sumarið í Hólmi og lést veturinn eftir í Kaupmannahöfn úr sótt. Þar var staddur sr. Einar Þorsteinsson frá Múla í Aðaldal, og fékk hann um veturinn veitingu konungs fyrir biskupsdæmi að Hólum og var vígður biskup. Einar veitti Klemusi aflausn og heilagt sakramentum, og er það eftir honum haft að Klemus dæi kristilega.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> *Alþingisbækur Íslands VIII* 277–78.

<sup>2</sup> Prentað í *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve III*, Kh. 1787, bls. 250–51. *Alþingisbækur Íslands VIII* 323.

<sup>3</sup> *Annálar 1400–1800 I* 413, 416–17, 419 (Vallaannáll); I 572, 574 (Mælifells-

## 2. HÉRAÐSDÓMAR

Alþingisdómurinn 1690 í máli Klemusar Bjarnasonar er síðasti dauðadómur í galdramáli, sem kveðinn hefur verið upp á Íslandi. Að sögn Jóns Halldórssonar í Hítardal var ákvörðun um frestun aftöku tekin að undirlagi Christoffers Heidemanns landfógeta, enda hefði sú ákvörðun verið í verkahring landfógeta samkvæmt erindisbréfi frá 16. maí 1683,<sup>4</sup> en amtmannsembættið var nýlega stofnað og Chr. Müller lítt kunnur landsmálum. Heidemann var á alþingi 1690, en sigldi um sumarið til Danmerkur. Hann kom til Íslands fyrir alþing 1691 og hafði út með sér bréf konungs, þar á meðal bréfið um að þyrmt skyldi lífi Klemusar.<sup>5</sup> Landfógeti hefur sumarið 1690 haft með til Danmerkur staðfest eftirrit málskjala, og eru þau nú meðal kansallískjala í Þjóðskjalasafni.<sup>6</sup> Skjölín eru þessi:

1. Málskjöl úr héraði 1689 og 1690, skrifuð eftir héraðsþingbókinni, og er eftirritið staðfest með nöfnum og innsiglium 18. júlí 1690 í Fagra-dal af Rögnvaldi Sigmundssyni sýslumanni, Vigfúsi Jónssyni, Jóni Steinþórssyni og Torfa Jónssyni. Síðast vottar Rögnvaldur Sigmundsson um þá Vigfús, Jón og Torfa, að þeir séu frómir, erlegir og valinkunnir dánumenn til orða og gjörða, það hann framast viti. Eftir þessum skjölum er mál Klemusar rakið hér á eftir og mikilvægustu kaflarnir teknir orðrét upp.

2. Alþingisdómurinn frá 1690. Fyrirsögn: 'Anno 1690 þann 1 Julij.' Orðamunur miðað við meginmálstexta í *Alþingisbókum Íslands VIII 277–78*:

÷ fyrirsögn. 6 var] er. 7 valdsmannsins] + Rognvaldss Sigmundssonar. 16] 26. 8 þar] Og þar. 20 þingsannað] þyngsuarid. 21 nefndarvotta] nefndar Wætta. 25 þar] Hafe. 26 máli] gallDRAMALE. 28 játaði] Jatar. 29 nefndarmenn] Vtnefndar Menn. 30 framanskrifaðar] hier Jnnfærdar. 31–32 Riette landsenss. 38 sénan] siedann. 44 gengi] hefde. 49 Vggande. 51–52 og—ódáðamaður] sem suarinn og sannpröfadur Ödadamadur/ og J Ellde brennast.

annáll); II 284 (Fitjaannáll); III 361 (Eyrarannáll); III 488 (Grímsstaðaannáll). *Safn til sögu Ísl. og ísl. bókmenta* II 763–64 (Hirðstjóraannáll Jóns Halldórssonar prófests í Hítardal).

<sup>4</sup> *Lovsamling for Island* I, Kh. 1853, bls. 400–01. Siglaugur Brynleifsson, *Galdrar og brennudómar*, Rvk. 1976, bls. 204.

<sup>5</sup> *Ann. 1400–1800* I 416.

<sup>6</sup> Skjalasafn kansallísins, KA 4. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður vísaði mér á þessi skjöl, og kann ég honum bestu þakkir fyrir.



Aftan við dóminn er 'svar og uppáskrift' amtmanns á þessa leið:

Efter denne sags Beskaffenhed syuniss mig hóyfornóden, at denne dom till Kongl. Maytz allernaadigst Resolution blifver udsendt tillige med Herritztings dommen, og Vidnisbyrderne, som der udj gangen er, og at sýsselmanden, ufeilbarlig mig der af inden 4<sup>re</sup> dagerss forlób Vidimered Copie til Eegne hander forskaffer, paa det, ieg da allsammen paa tilbórlig steder kand fremsende. Ved Auxeraa d. 10 Julij A<sup>o</sup> 1690. /:underskrifad nafn:/ Christian Muller.

Magnús Jónsson lögmaður staðfestir eftirritið með nafni og innsigli á Brimnesvöllum (þ. e. Brimilsvöllum) 24. júlí 1690.

3. Tóuvers Klemusar Bjarnasonar ásamt greinargerð Magnúsar Jónssonar lögmans, sem er undirrituð á Brimnesvöllum 24. júlí 1690. Sjá mynd. Versið er á fremstu síðu tvíblöðungs (20.7 × 16 sm). Á öftustu síðu hefur verið skrifað: 'Tou Werss Klemusar Biarnars'. Bl. 1v og 2r eru auð.

4. Héraðsskjölin og alþingisdómur í danskri þýðingu, og er aftan við svofelld athugasemd Heidemanns landfógeta, sem hefur annast þýðinguna:

Dette forskrefne er det retteste som Jeg har kundet og forstoed det Jsslandshe Maal fordansked effter den Jsslandshe original som her hoss følger. Actum Kiöbenhafn d. 3 Octobris A<sup>o</sup>: 1690 Christoffer Heideman.

Á eftir fer uppskrift á tóuversi Klemusar ('Clemus Björnssons Ræfve vers') ásamt danskri þýðingu þess. Íslenski textinn er án efa skrifaður upp eftir nr. 3. Orðamunur er enginn.

5. Umsókn Rögnvalds Sigmundssonar sýslumanns til konungs þess efnis, að hann fái greiddan kostnað við upphald Klemusar af óvissum sakeyri næsta árs; aftan við er umsögn eða skýring ('Erklering') amtmanns, dagsett á Bessastöðum 16. júlí 1690.

6. Bréfið til amtmanns, 5. maí 1691, um Klemus Bjarnason.

Sakargiftum í máli Klemusar er lauslega lýst í alþingisdómi, en koma skýrar fram í héraðsdómum. Málið var tekið fyrst fyrir á þriggja hreppa þingi að Hrófbergi (skrifað Hróberg í málskjölunum) við Steingrímsfjörð 3. sept. 1689, og voru þar tilnefndir af sýslumanninum Rögnvaldi Sigmundssyni tólf dómsmenn til að skoða, gaumgæfilega að rannsaka og dómsatkvæði uppsegja um galdragrunsemdaráburð Kolbeins Jónssonar til Klemusar Bjarnasonar. Dómsmenn voru tilnefndir: Árni Vigfússon lögréttumaður, Magnús Björnsson, Ásgeir Sigurðsson, Páll Gunnlaugs-

son, Eiríkur Indriðason, Björn Sveinsson, Gísli Ásgeirsson, Steinn Magnússon, Þórður Arason hreppstjórar, Ólafur Þórarinsson, Magnús Erlendsson, Björn Jónsson. Áburður Kolbeins Jónssonar var svolátandi:

Það auglýse eg Kolbeirnn Jonsson með þessu mýnu Brefe og vnder skrifudu Nafne, að eg frammbær solatande frammburd Klemuse Biarnasine a hendur sem eftterfilger, að eg hefe greindann Klemvs Biarnnason fullkomlega grunsamann, að hann hafe með fiólkýnge og fordæduskap ollad þeirre storkostlegre veike og kvalræðiss krankleika sem Mýn sáluga echtakona Gudrún Arna dottur vnder lä a Næst vmm-lidnumm vetrar týma, og ei veit eg Betvr firer gude og Minne samviskv Enn hier fir nefndur Klemus Biarnason sie sekvr i þessu mäle, Biödande Mig til þennann Minn ofann skrifadann frammbvrd með eide að sanna (ef þórf sýnist) öska eg og beidist af sýslv mannum Rógnvalde Sigmundssine, að hann guds, Riettarins og Sýns embættis vegna kome þessu Mäle vnder frekara laga Rannsak það allra firsta er þuj vid koma kann, enn til fullkomlegrar stadfestu og vissara efftertekta skrifa eg mitt Nafn hier vnder með eiginn hende, að Bassastódumm J Kalladar Ness sokn, Anno 1689 19 Avgvstij, Kolbeirnn Jonsson M E h.

Sömu dómsmenn voru tilnefndir af sýslumanni til að rannsaka áburð Jóns Bjarnasonar, sem hann bar nú fyrir dómnum á hendur Klemusi, svolátandi:

Eg Jon Biarnason lýse þuj að eg ber Klemus Biarnason þeim aburde, að eg helld hann valldann af þeim veikleika sem Mýn ehta kona Ölvf Ions dottvr hefur haft að bera a þessumm vmm lidnumm vetre, og allt til þess nu er komid, með öleifelegre galldra konst, vitande ei betur firer gude og minne samvisku enn eg þetta satt seige, Öska eg af sýslv Manninum Rógnvalde Sigmundssine, að hann þetta mal firer sig take og vnder laga Rannsak koma late.

Málsaðilar Kolbeinn Jónsson og Klemus Bjarnason voru fyrir dómi, og játaði Klemus sig lögboðaðan á þingið af sýslumanninum. Aðspurðir af sýslumanni og dómsmönnum gáfu þingsóknarmenn Kolbeini 'göða, lofsverda og erlega kinnýng til Máls og giórda, og Jatudu hann valinnkunnann mann að fornu og nýu'. Þá voru þingsóknarmenn aðspurðir og tilkrafðir um kynning Klemusar, hvort hann hefði verið kenndur áður fyrri um óleyfilega galdrabrukun og meðferð, 'huoriu velflester þyngsoknar menn hier nu samann komner Jatudu og sógdu sig heirt hafa að greindur Klemus Biarnason hefde vmm galldra list og Brükvn Ricktadur verid (enn ei vissu þeir huad satt være)'. Dómsmenn dæmdu tveimur af þingsóknarmönnum, sem um ríktið höfðu borið, að þeir staðfestu vitnisburð sinn með eiði, og nefndu til þess Jón Þormóðsson og Jón Ólafsson.



Þeir aflögðu samstundis eftirfarandi eið fyrir sýslumanni:

Til þess legg eg Jon Þormodsson Jon Ölafsson hónd a helga Bök, og það seige eg Gude almattugvmm ad eg hefe heirtt Klemus Biarnason vmm galdra list og brökun Ricktadann verid hafa firr Meir, Enn ei veit eg huort satt er edur ei, og ad so stófdumm Eide, sie Mier gud hollvr sem eg satt seige, gramur ef eg lýg.

Líkindi sem Kolbeinn Jónsson lagði fram til síns máls voru þessi:

Þa fære eg Kolbeirnn Jonsson þar til þessar lýkvr, J firstu vmm það trie sem Klemus Biarna son leinelega og an Minnar vitundar tók, er a Minne leigu Jórdu Hröberge ad lande Rak, huar af eg formerckt hefe ei alltitla kiælu af Klemuse vid mig framm komna, þa eg vmm adur Nefndt trie vid hann talad heffe, sem hann og firer frómumm Mónnumm mier frá verande auglyst hefur, sem eg vona þeir bera mune, J annann Mata hef eg heirt og fornumid, þa til tals komid hefur firer Klemuse Biarnasine vmm þa oveniulega veike sem Mýn sáluga ecktakona vnder lä, þa hafe Klemus so suarad, Ef það mäl a sig geingie so hann vnder Refsýnng kiæme, og lýfs af kiæmist skilide hann þess manns lýf hafa, er frekast firer þuj geingie.

Til stuðnings við síðara atriðið lagði Kolbeinn fram undirritaðan vitnisburð tveggja manna:

Med kiennumm vnder skrifader ad vid heirtt hófum Klemus Biarnason solatande ord tala þa hónumm hefur ordid tiltalad vmm oveniulega veike Gudrunar sálugu Arna dottur eckta konu Kolbeins Jonssonar, Ef það mäl a mig geingur, og eg vnder Refsýng kiem, og komist eg lýfs af, skal eg þess manns lýf hafa, er frekast firer þuj geingur. til merkiss ockar vnder skrifud Nófn Anno 1689, d. 29 Avgvstij, Snorre Sueinsson m e h Oddvr Jonsson handsalar.

Þegar hér var komið varð dagþrota, og frestuðu sýslumaður og dómsmenn málinu til næsta dags, sem var 4. sept. Var þá fyrst að Snorri Sveinsson og Oddur Jónsson staðfestu vitnisburð sinn frá deginum áður með eiði fyrir sýslumanni. Því næst lagði Kolbeinn Jónsson fram vitnisburð þriggja manna til stuðnings við fyrra atriði málslíkinda sinna, og er hann dagsettur eins og vitnisburður sá sem Kolbeinn lagði fram til stuðnings við síðara atriðið daginn áður, og eru tvö sömu vitni:

Efter þuj Kolbeirnn Jonsson öskar af oss vnderskrifudumm sannleikanns medkiennýng i framme ad lata vmm þa kiælu sem Klemus Biarnason a hónumm haft hefur, üt af þuj trie er hann leinelega burttök af leigu Jórd Nefnds Kolbeins Jonssonar, þa auglysumm vær einumm og sierhuoriumm sem þesse vitnissburdar ord siä edvr heira, ad vær so fornumid og effter tekid hófum, ad advr Nefndur Klemus hefur storkostlega kiælv og ýllann huga til hanns haft, og til frekare staðfestu skrifumm og latumm skrifa vor Nófn vnder þennann vornn vitnissburd huornn vær

viliumm med eide stadfesta (ef þórf sýnist, Anno 1689 d. 29 Avgvstij, vnder skrifud Nófn, Snorre Sueinsson, Hallvr Jonsson, Oddvr Jonsson.

Tveim þessara manna, Halli Jónssyni og Oddi Jónssyni, var gert að sanna vitnisburð sinn með eiði, og er í eiðstafnum að þeir hafi eftir tekið að Klemus hafi stórkostlega kælu og illan huga til Kolbeins, en tréð er ekki nefnt, sem átti að vera undirrót óvildarinnar. Síðan var vikið að ókyrrleika á bæ Kolbeins, og er lýst atburði sem gerðist á þingstað:

Hier Næst vænest Kolbeirnn Jonsson, ad ökirrleikinn a sýnumm Bæ mest vagsid og aukist hafe, sýdann hann Klemus Biarnason aburdinum Borid hefde, So og skiede sä atburdur hier J giærdag a medann ifer malonumm setid var, ad ein heimiliss stulka Kolbeins Jonssonar fieck vondann öve(n)iulegann snertt, med Mäse, ofbode, og hliödumm, Eirnninn med aungvite, huad ed sýslu madurinn med tueimur döms mónnumm sau og vppa horfdu.

Líkindi sem Jón Bjarnason, annar sakaráberi Klemusar, bar fram voru þessi:

Seiger Jon Biarnason ad övilldarkiæla hafe aukist þeirra a mille af þuj sama trie sem firr vmm gietur, og J þennann döm er adur Jnnfærtt. og effter þä kiælv auknyng veiktist kona Mýn Ölvf Jons dottvr, med það slag, ad hun skiertist a vite og rænu so hun hefur sýdann mig og mitt heimile fordast vegna þess ökirleika sem a Mýnumm Bæ er og verid hefur vmm Rænuleise og vitskierdyng greindrar Ölvfar Jons dottvr, sem og eirnninn ad hun sie i Burt vikinn og vmm bæe flacke.

Þad vitna nu firer vorumm döme hier samannkomner þyngsocknar menn, huorier nu og so Jata ad þeir vite Jon Biarnason J öngre kiælu vera edur övilld vid nochra menn huorcke nær, nie fiær og ei hafe verid, ad fráteknumm Klemuse Biarnasine.

Þá lagði Jón Bjarnason fram skriflega vitnisburði margra góðra manna um ærukynning sína, þar sem hann hafði áður verið, en sveitarmenn hans, sem nú voru, gáfu honum vitnisburð sem erlegum og valinkunnum manni, það þeim væri framast vitanlegt.

Frekari líkindi komu ekki fram af hálfu sakarábera. Með tilvísun til 18. kap. í þjófabálki Jónsbókar um tylftareið dæma dómsmenn Klemusi Bjarnasyni lagatylftareið með nefndarvitnum fyrir galdraáburð Kolbeins Jónssonar og Jóns Bjarnasonar, og skal sýslumaður nefna honum eiðvættin. Eiðinn skal Klemus hafa unnið innan tíu vikna særra daga að heyrðum dómnum. Þessu næst komu sakaráberar og óskuðu og kröfðust af sýslumanni að hann tæki Klemus til fanga vegna þeirra heitingaorða sem upp á hann væru sönnuð og svarin, sögðust annars ábyrgjast sýslumanni og dómsmönnum þá ólukku og slys sem þeir kynni að hljóta



af Klemusi, því þeir hræddust heitingu hans. Sýslumaður óskaði dóms og álita dómsmanna, hvort sér væri vítalaut og leyfilegt að taka Klemus til járna. Dómsmenn vísa um þetta atriði til réttarbótar Hákonar konungs, sem tali um þá menn sem heitist við sýslumann eða við þá sem honum til réttarins fylgja,<sup>7</sup> og til alþingissamþykktar 1630, sem tali um slíkt efni í viðlíkan máta, og álykta þeir að sýslumanni sé vel forsvaranlegt og jafnvel skyldugt að hann taki Klemus til fanga og hafi í haldi, á meðan sent yrði til Magnúsar Jónssonar lögmanns og fenginn endanlegur úrskurður hans um þetta atriði; en sýslumaður setji erlegan mann til að vera í eiðvætta útréttingu vegna Klemusar. Undir dóminn skrifa níu dómsmenn með eigin hendi, Þórður Arason, Magnús Erlendsson og Björn Jónsson handsala, en sýslumaður samþykkir dóminn með þeim og lögsemur með undirskrift sinni.

Galdramál Klemusar Bjarnasonar kom að nýju fyrir á þriggja hreppa þingi að Hrófbergi 25. apríl 1690, og voru eftirtaldir menn nefndir í dóm af Rögnvaldi sýslumanni Sigmundssyni: Pétur Pálsson, Magnús Björnsson, Ásgeir Sigurðsson, Páll Gunnlaugsson, Jón Magnússon, Andrés Magnússon, Gísli Ásgeirsson, Ólafur Þórarinsson, Eiríkur Indriðason, Steinn Magnússon, Jón Jónsson, Þórður Arason. Magnús Jónsson lögmaður hafði gefið þann úrskurð, að Klemus skyldi haldast í fangelsi, þar til mál hans væri til lykta leitt. Gat hann því ekki sjálfur verið í eiðvætta útvegum sinna vegna, og átti sýslumaður eftir Hrófbergsdómi að nefna mann til þess. Hafði hann nefnt þrjá menn, Árna Vigfússon lögréttumann og Magnús Björnsson og Pál Gunnlaugsson hreppstjóra, sem skyldu útvega Klemusi Bjarnasyni eiðvættin hver í sínum hreppi, fangavotta jafnt sem nefndarvitni. Komu þessir menn fyrir dóminn og sögðust fullkomlega og alvarlega og með kostgæfni hafa leitast við að fala og fá eiðvættin honum Klemusi til meðsónnunar, og hafi þau með öllu afsagt að sanna tildæmdan eið með honum. Þetta staðfestu tilnefnd eiðvætti sem nálæg voru og lýstu því að þessa væri ei framar við sig að leita. Þessu næst lagði sýslumaður fram eiðstafinn, sem hann hafði tilsett að Klemus skyldi afleggja, ef hann kæmi honum fram, og var svofelldur:

Til þess legg eg Klemus Biarnason hónd a helga bök og það seige eg gude almattugumm ad eg hefe alldrej a æfe minne huórke fir nie seirna galldur edur fiólkyngelært, haft edur framid, og alldrej hef eg skada, mein, edur tiön, nockurnn tyma giórt huorke mónnum nie penýnge leint eda liöst, med galldre eda fiólkýngel, eda

<sup>7</sup> Hér mun vera átt við réttarbót frá 27. maí 1303. *Ísl. fornbréfasafn* II 336–39.

neinshlags fordæðuskap, og huorke er eg sekur í þessu tilteknu firer síalhs mýns persönu og ei helldur adra hier tilfeingid, so og er eg ecke sekv J galldra aburde Kolbeins Ionssonar, og Jöns Biarnasonar, og alldrej hef eg huorke fir nie seirna þeirra Eckta kuinnum mein edur skada giórt med neinshlags gölldrumm, fiólkýnge eda fordæðu skap, og alldrej hef eg þess neins samvitande verid firer mýna persönu, edur anara J nockurnn mata, Og ad so stofudumm eide sie mier gud hollur sem eg satt seige. gramur ef eg lýg.

Þessu næst kemur fram fyrir dóminn, 'ad Klemus Biarnason hafe sig tilbodid J sýslumannssins áheirnn og vidurvist ofannskrifadann eid ad af leggja, og sagdist vilia hann vel sier linda og lýka lata og hefur lofad hier vid ad standa, og það med handsólumm vid greindann sýslu mann'. Var þetta vottfest á heimili sýslumanns í Fagradal 26. sept. 1689, og skrifuðu undir Þórður Pétursson, Jón Jónsson og Ólafur Markússon, allir með eigin hendi. Þessu játaði nú Klemus að nýju fyrir dóminum og staðfesti það með handsali við sýslumann. Dómsmönnum leist eiðstafurinn hreinn og skuggalaus í allan máta, en eiðvættin játuðu að eiðstafurinn hefði verið auglýstur nefndarvættum Klemusar af þeim sem tilnefndir voru í eiðvættu útvegum. Sýslumaður spurði þingsóknarmenn, hvort þeir vissu annað um eiðvætti Klemusar en frámt og ærlegt, og var það ekki, svo mikið sem mönnum í sannleika vitanlegt væri, og ekki vissu menn heldur eiðvættin í skyldugleika eða mægðum við málsaðila, svo að þeir kynnu það með sanni að segja. Þá var Klemusi til sagt af sýslumanni og dómsmönnum að finna að nefndarvættum sínum, ef hann það gæti, það sem þeim kynni úr vitni að hrinda í þessu máli, 'huad hann ecke J liöse lætur nie það til finnur sem lóglegt Beuýslegt edur skiallegt virdest'. Óskaði nú, krafðist og beiddist sýslumaður og dómsmenn að Klemus legði fram afbatanir og lögvarnir, sem hann kynni að hafa, 'huad hann nu firer vorumm Döme ecke auglýser nie J liöse lætur'. Voru þá þingsóknarmenn spurðir, og sögðust þeir ekki það vita sem koma kynni Klemusi til gagns og aðstoðar í þessu hans máli. Spurði sýslumaður og dómsmenn eiðvætti Klemusar, hvort þeir vildu ekki með góðri samvisku sanna með honum áður innfærðan eið, og neituðu þeir fyrir dómi. Ályktuðu þá dómsmenn að nefndarvitni Klemusar skyldu leggja fram orsakar til þess að þeir vildu ekki sanna eiðinn, og lýstu þeir því þegar í stað skriflega:

Med þuj vær, sem til nefnder erumm af sýslu mannum Rognvallde Sigmundssine þann eid ad sanna med Klemuse Biarnasine, sem hónumm var til dæmdur a næst vmm lidnu sumre hier a Hröbergs þýnge þann 4<sup>a</sup> dag 7bris Anno 1689, huad



vær margfalldega afsagt hófum ennum nu J dag a þessu þynge med döme tilskildader ad auglysa firer huoriar ordsaker ad vier ecke med hönnum sanna viliumm, þa er það su firsta vor ordsók sem vorar samvitskur þar frá hindrar, ad greindur Klemus Biarnason stirt og ýllt mannord langvarannlega a sier hafft hefur, ei einasta af galldra medferd og brükun, helldur og eirninn vmm adra hrecke til ordz og ædiss. J annann mata hefur hann fra sýnum æsku alldre og allt til þessa dags vmm galldra medferd og brükun vid menn og penýnga Ræmdur og Ricktadur verid. J þridia læge er su vor hellsta ordsók og tilefne sem oss hier fra bender, eru þaug heityngar Jrde sem uppa hann suarinn og sónnud eru, þuj vær hólldumm það stör lykinde ad sa sem dirfist J votta vidurvist, ad heitast vid sinn samChristinn Naunga ad gióra hönnum lýftiön ad sa hinn same sem so heitast mune lýtid vmm það hirda þo hann med galldra giörnynngumm sinn naunga heimuglega skada og fordiarfa vilie, Med þuj og lýka vær hólldumm og meinumm ad slýk og þujlyk heitýngar ord næst fiólkýnge og fordæduskap ganga mune, Eru þessar þær hellstu og sierlegustu ordsaker sem vorar samvitskur veikia, og er það ecke vid oss framar ad leita nie frammeigiss ad ämalga med hönnum Klemuse Biarnasine adurtiadan eid ad sanna. Vitnande það til Heilagrar þrennýngar ad vær afseigiumm það ej firer neins manns villd edur vinattu, eige firer övilld og ecke firer nockra muna saker helldur alleinasta sannleikanumm til stirkýngar, og laga Riettinumm til frammkuaemdar, og effter laga Reglunne sem oss hier til skilddar vorar samuitskur J liöse ad läta huad vær viliumm glader og med gödre samuitsku med eide stad-festa.

Þessu næst spurði sýslumaður þingmenn alla samankomna, hvort enginn sá maður væri á þinginu úr þremur þingsóknum, sem vildi gagnast til eiðvættis með Klemusi Bjarnasyni, og gaf sig enginn fram til þess, heldur afsögðu það sameiginlega hver fyrir sig. Þá voru sakar-áberar Klemusar aðspurðir af sýslumanni og dómsmönnum, hvort þeir stæði við galdraáburði sína, og játuðu þeir því. Bættist það við, að Jón Bjarnason auglýsti nú, að barn hans hefði verið kvalið af óhreinum anda á næstafliðnum vetrartíma, og lýsti hann það af völdum Klemusar, en þingsóknarmenn játuðu veiki barnsins sanna. Sakaráberarnir buðust til að staðfesta áburði sína með eiði, ef þörf þætti, og virtist dómsmönnum það nauðsynlegt, svo að af því megi merkjast að þeir hafi ekki viljað ljúga upp áburðum sínum af illum ásetningi og vísvitandi á móti sínum samviskum eða yfir falla Klemus Bjarnason með röngu máli. Dæma dómsmenn með tilvísun til 6. kap. þingfararbálks og með hliðsjón af réttarvenju í Þorskafjarðarþingi í viðlíka málum, að Kolbeinn Jónsson og Jón Bjarnason staðfesti áburði sína með eiði og sverji með svolátandi eiðstöfum sem eftir fylgir:

Til þess legg eg Kolbeirn Ionsson hónd a helga Bök og þad seige eg gude almattugumm ad minn stadfastur grunur er sa og verid hefur, ad su störkostlega og öveniulega veike sem mýn sáluga ecktakuinna Gudrun Arnadottur vnder lä J firra vetur og eg J mýnumm frammburde auglýst hefe, sie og verid hafe af galldra tilstofnann og fiólkýngiss verkann Klemusar Biarnasonar, og einskiss mans annars, og eg higg mig hann effter Riettu mäle sækia, og ad so stófudumm eide sie mier gud hollur sem eg satt seige gramur ef eg lýg.

Til þess legg eg Jon Biarnason hónd a helga Bök, og þad seige eg gude almattugumm, ad þad er og verid hefur mýn fullkomleg og stadfóst higgia, ad sü oveniulega veike og vitskierdyng sem mýn eckta kuinna Olvf Jons dottur hefur lyda hlotid J firra vetur, og J firra sumar, sie af galldra völddumm Klemusar Biarnasonar, so og eirninn higg eg hann sekann J veikleika mýns barnns, Valgierdar, sem hün hefur vnder leigid ä næst af lidnumm vetrar týma, og higg eg mig hann effter Riettu mäle sækia, og ad so stófudumm eide, sie mier gud hollur sem eg satt seige gramur ef eg lyg.

Þessa eiða aflögðu þeir Kolbeinn og Jón samstundis þar á þinginu fyrir sýslumanni.

Þessu næst lýsa dómsmenn því að sýslumaður bjóði og lögskyldi þá að dæma í málinu eftir því sem framast verði gert að lögum, og dæma þeir með fullu dómsályktunaratkvæði að þau eiðvætti sem Klemusi hafi verið löglega nefnd til meðsónnunar og undanfæris séu skyldug þar á þinginu að sverja hyggju sína móti honum eða með, til falls eða frelsis, eða hvort þeir hyggi Klemusi fyrrskrifaðan eiðstaf særan eða ósæran. En hverja þá sem þetta ekki gera af mótvilja og þverskallast þannig á móti lögum og rétti dæma dómsmenn eftir fornum og nýjum dómum, alþingismanna ályktunum og þar að hnígandi lögmálsgreinum seka fjórum mörkum við konung í dómrof, og komi vandarhögg eftir markatali þar sem fé þrýtur. Þá dæma dómsmenn þau tvö eiðvætti Klemusar, Helga Brynjólfsson og Guðmund Jónsson, sem ekki voru á þingi vegna gildra forfalla, að þeir afleggi eiða sína fyrir sýslumanni það fyrsta því verði við komið. Sóru síðan eiðvættin svolátandi eið fyrir sýslumanni:

Til þess legg eg Arnfinnur Jonsson, Arne Arason, Hallur Jonsson, Þordur Þorlaks-son, Jon Hallsson, Arne Jonsson, Arnbiórnn Sigurdsson, Jon Olafsson, Bjarne Halluardsson, Eiðlfur Gudlaugsson, hónd a helga Bök og þad seige eg gude almattugumm ad eg higg effter minne samuitsku Klemuse Biarnasine þann eid ósær-ann vera sem J þennann döm er Jnn færður, og greindur Klemus Biarnason hefur sig sialfur til bodid af ad leggja, og heldur higg eg hann sakadann enn saklausann J þeim galldra verkumm sem hann borinn og vmm Ricktadur verid hefur, og ei



veit eg annad sannara firer gude og minne samuitsku enn eg nu suer effter minne higgju, og ad so stófudumm eide sie mier gud hollur sem eg satt seige, gramur ef eg lyg.

Spurði því næst sýslumaður dómsmennina og þingmenn alla þar samankomna, hvort þeir vissu nokkuð í þessu máli sem honum bæri frammar að láta rannsaka eða hvort hann hefði nokkuð undanfellt, og neituðu því allir og sögðust nú ekkert það vita sem héraðsdómara bæri frammar að gera í þessu máli í héraði. Vísa dómsmenn til bréfs Friðriks konungs þriðja, sem banni undirdómurum að dæma um mál sem snerti líf manna og æru,<sup>8</sup> og álykta þeir með fullu dómsatkvæði þetta galdramál með öllum þess póstum, kringumstæðum og atvikum undir endilega ályktunargrein virðulegra herra lögmanna og lögréttunnar á næst komanda alþingi. Var dómurinn samþykkilega lögsaminn af dómsmönnum, en samþykktur og staðfestur af sýslumanni, sem skrifar undir ásamt dómsmönnum 26. apríl 1690. Af dómsmönnum skrifa tíu undir með eigin hendi, en Þórður Arason og Jón Jónsson handsala. Aftan við dóminn er tilfærður eiður Helga Brynjólfssonar og Guðmundar Jónssonar, sem þeir aflögðu fyrir sýslumanni á manntalsþingi í Broddanesi 29. apríl 1690 í áheyrn þingsóknarmanna, og skrifa þar undir til vitnis Sæmundur Sigmundsson, Eiríkur Indriðason, Ólafur Tómasson og Einar Halldórsson allir með eigin hendi, en Ögmundur Halldórsson, Snorri Snorrason og Jón Oddsson handsala.

### 3. TÓUVERS

Þess verður ekki vart að Klemus játi á sig sakir í héraði, og í héraðsdómunum er tóuvers ekki nefnt einu orði. Viðurkennd notkun þess er meðal sakargifta sem bættust við á alþingi, ásamt viðurkenningu Klemusar á því að hann hefði oftlega séð galdur, og ákæru á hendur honum um 'guðs orða foröktun á umliðnum vetri', þ. e. 1689–90 í varðhaldinu hjá sýslumanni. Tóuversíð mælti Klemus fram í lögréttu, og hefur Rögnvaldur sýslumaður Sigmundsson skrifað það upp eftir honum á alþingi eða áður en til þings kom. Hér á eftir er versíð prentað ásamt greinargerð Magnúsar lögmanns Jónssonar, og er því skipað í línur í útgáfu; í handritinu eru línur skrifaðar í fullri lengd (sbr. mynd):

<sup>8</sup> Hér er átt við kgsbr. frá 27. apríl 1663. *Lovs. f. Isl.* I 290–91. Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*, Rvk. 1945, bls. 255–56, 278, 295–96.

Tóuvers Klemusar Biarnasonar sem Hann seigist Hafa brúkad og yfer fienade sýnumm lesed og Hann J Lógriettu upplás er so hliödande sem epterfilger.

Hier Rek eg fie mitt/  
 yfer Gudz garda/  
 stirme Eg yfer þui  
 stinum varda,  
 styng eg ä þad  
 sterkumm kuarda,  
 Dys Heiter sü  
 dýrleg möder,  
 Hün vill syna  
 saude geýma,  
 vlfur vill byta  
 og berslyta,  
 Klumsa sie vlfur,  
 Wlfur sie klumsa

J nafne fodur og sonar og anda Heylags/

Seiger Hiernefndur Klemus Biarnason Jafnframt þessu ad þetta vers eige ad lesast þrisvar äfram og þrisvar aptur ä bak med Heýlagre Signing.

Þetta er efftir frammsógn Klemusar Biarnarssonar, og handskriffadre uppteiknan sýslumannsinnis Rógnvallds Sigmundssonar, so sem hier ofanskrifäd stendur til merkis mitt nafn Datum Brimnessvóllum d. 24 Julij A° 1690 Magnus Jonsson eh

Með danskri þýðingu málskjálanna er íslenskur texti tóuversins skrifadur upp, og er honum skipað þar í 6 línur, þannig að svarar til línu 1-2, 3-4, 5-6, 7-10, 11-14, 15 hér að framan. Versinu er einnig snúið á dönsku, og er þýðingin á þessa leið:

versed betyder ungefehr dette/  
 Her drifver Jeg mit fæ over Guds Gierder  
 og setter omkring dem sternerne varder  
 Jeg sticker udj dem rett stercke kuarder /alner/  
 den hellig Moder lofver at bevare  
 hendis faar foruden shade og fare  
 vlfven hand slider baade Jt og Andet  
 forbannt vere vlfven hand vere forbandet  
 J naufn faders, sónnens og den hellige aandss.



Tóuvers Klemusar Biarna-sonar sem  
 Þan seigist Þaga brúkad og yfer fienade. Sýn-  
 um lesed og Þan í Lögrietta úrplas er so  
 blödande sem eptir filger #

Þer kek eg frimitt / yfer Þud's garda / Stærne.  
 Eg yfer tui stinnum varda, styngeg ä þad sterhum kuarda,  
 Þus Þeiter sú Þyrlegmoder, Þan vill Þyna saude geyma,  
 Vlfur vill byta og berflyta, Klumja sie vlfur, Wlfur sie  
 klumja Inafne fodur og donar og anda Þeylags /

Seger Þernefndur Klemus Biarnason Jafnframt  
 þessu ad fetta vers eige ad lesast þrisvar "afram og þris"  
 var aptur á bak með Þeylagre Þigning #

Þetta er affri framfögn Klemusar Bi-  
 arnar-sonar, og Landshriffandur uppþriðn  
 an Þisslinnans þess högnvaldes Þignimind  
 þonar, so sem frid ofomstærifad ofone  
 ur til merkis mitt nafn Þotinn  
 Þvinnur þvillinn d 24 July 1690  
 Magnus Jonsson

Tóuvers Klemusar er varðveitt í annarri gerð í austfirsku handriti, *ÍB 186 8vo*, frá fyrri hluta 19. aldar. Ekki kemur fram að versið sé skrifað upp eftir því sem fólk kunnir á þeim tímum, og er sennilegt að farið sé eftir eldri óþekktri uppskrift. Handritið fékk Bókmenntafélagið frá Marteini Jónssyni gullsmið á Stafafelli,<sup>9</sup> og hefur Jón Sigurðsson skrifað á það við móttöku: 'Marteinn Jónsson 12/12 60.' Í handritinu er ýmislegt efni hjátrúarkennt, en þar fyrir aftan er dagbók sem nær frá 1. febr. 1839 til ársloka. Við niðurlag hennar stendur: 'JPetursson á Breiðuvíkur hiálögu á Reidarfiardar Nordurbýgd JPetursson.' Af minnisgrein næst á eftir dagbókinni má sjá að þessi sami maður er vistráðinn hjá bróður sínum, Eyjólfu að nafni. Í Ættum Austfirðinga er getið Eyjólfu Péturssonar bónda í Stórubreiðuvíkurhjáleigu í Reyðarfirði,<sup>10</sup> og hefur hálfbróðir hans verið Jón Pétursson, fæddur 11. jan. 1818, sonur hjónanna Péturs Bárðarsonar (d. 14. maí 1838) og Málfríðar Bjarnadóttur (d. 20. apríl 1838), sem þá voru á Eyjólfstöðum á Völlum, síðar á Úlfstöðum. Jón Pétursson fór frá Úlfstöðum 1839 að Breiðuvíkurhjáleigu og var þar árið, en fór 1840 vinnumaður að Keldhólum á Völlum.<sup>11</sup> Þar bjó Jón Marteinson, faðir Marteins Jónssonar, þess sem síðar sendi Bókmenntafélaginu handritið *ÍB 186 8vo*.<sup>12</sup>

Efni dagbókarinnar bendir til þess að Jón Pétursson sé höfundur hennar, og hefur hann farið 11. maí frá Úlfstöðum að Breiðuvíkurhjáleigu. Tóuversið er litlu framar en dagbókin, og má ráða af skipan kvera í handritinu að það sé einnig fyrir skrifað. Hvort tveggja er með sömu hendi, og verður að ætla að Jón Pétursson frá Úlfstöðum sé skrifari.<sup>13</sup> Tóuversið er hér skrifað sem vers til að fá góðar heimtur. Næst á undan eru tvö vers til 'ad taka hug úr óvin Sinum' og til 'ad Spekia Saudi edur bæla'.<sup>14</sup> Versið er hér á þessa leið (línuskipan ekki í handriti):

<sup>9</sup> Sigurður Jónasson, *Skýrsla um handritasafn Hins ísl. bókmenntafélags*, Kh. 1869, bls. xiii og 167.

<sup>10</sup> Einar Jónsson, *Ættir Austfirðinga*, bls. 568.

<sup>11</sup> *Manntal á Íslandi 1816*, Ak. og Rvk. 1947–74, bls. 68. *Prestspjónustubækur 1784–1822 og 1817–1861 og Sóknarmannatöl 1838–1865 í Vallanessókn og Sóknarmannatal 1840 í Hólmasókn í Reyðarfirði*; handrit í Þjóðskjalasafni.

<sup>12</sup> Einar Jónsson, *Ættir Austfirðinga*, bls. 38–39.

<sup>13</sup> Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins III* 45.

<sup>14</sup> Prentuð í safni Ólafs Davíðssonar, *Íslenzkar þjóðsögur II*, Rvk. 1978, bls. 380 og 381. Í fyrri versinu stendur í hndr. 'sigrhellunni', ekki 'steinhellunni' eins og er í útg. Einnig 'Jórdan', ekki 'Jórdán'; 'heilögu', ekki 'heilögum'. Í síðara versinu stendur í hndr. 'Litta', ekki 'kitta'; 'Heilagr', ekki 'heilagi'. Latnesku orðin eru: 'Inn nomýne patris et Filies Spiritus Sanctus.'



ad fá góðar heimtur.  
Þá þú rekur i afrétt og skilur við fé þitt, þá gákk i kringumm það svo mælande

Út rek eg fé mitt  
undir guds gada  
stýng eg firir það  
stinnum vörði og vardveitslu.  
Des<sup>15</sup> heitir ein  
dyra módir  
sem svo síáandi geimir  
svo hvörki Biörn byti,  
eða bein sliti,  
klumsa sé úlfr  
og allar úlfsemiar  
Jnn nomýne patris et Filiet Spiritus Sanctus.  
amen.

Sumt í þessum textum er torskilið, og má ætla að þeir hafi gengist í munn og séu auk þess brenglaðir í uppskriftum. Orðið 'úlfsemiar' í 186 hefur verið skýrt sem villa fyrir 'úlfsynjur', og þó með spurningarmerki við,<sup>16</sup> enda orkar sú skýring tvímælis. Í texta Klemusar er 12 'og berslyta' illskiljanlegt, og kynni það að réttu lagi að vera 'og bersi slíta' eða eitthvað í þá átt. Þó mæla þar á móti særingarorðin, sem beinast einvörðungu gegn úlfi, eins og þau eru skrifuð upp, og ekki gegn birni. Hins vegar sýnir textinn í 186 að versíð hefur í annarri gerð beinst gegn úlfi og birni saman, og er það líka alþekkt úr varnarbænum annarra þjóða, þar sem verja þurfti bústofninn gegn þessum dýrum báðum. Hér á landi voru hvorki úlfar né skógarbirnir, og þeir hvítabirnir sem hingað slæddust komu með hafis á árstímum þegar búpeningur var á húsi eða í heimahögum. Má því teljast eðlilegt að varnarbæn gegn úlfinum einum eða gegn úlfi og birni saman væri snúið að refnum, ef hana bar hingað, og þannig bætt við tóustefnur, sem hér voru fyrir, og ákvæði íslenskra kraftaskálda.<sup>17</sup> Hitt væri lítt skiljanlegt að bæn gegn úlfi og birni hefði

<sup>15</sup> Orðið er fyrst skrifað með venjulegri stafagerð skrifara, en strikað út og skrifað að nýju með stafagerð sem skrifari hefur helst á fyrirsögnum og erlendum orðum í texta.

<sup>16</sup> *Ísl. þjóðs.* Ól. Dav. II 382.

<sup>17</sup> *Smástykker*, Kh. 1884–91, bls. 189–90. *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, Ólafur Davíðsson hefir safnað, (ÍGSVP IV), bls. 98–100. Árni Óla, Þegar galdrabrennur

orðið til við íslenskar aðstæður, og mætti af þeim sökum einum teljast sennilegt að tóuvers Klemusar væri af erlendum uppruna. Samanburður við hliðstæðar særingarbætur nágrannaþjóðanna styður það enn frekar.

Særingar eða bætur gegn illdýrum til verndar kvikfénaði eru alkunnar, og hafa þær tíðkast frá fornu fari.<sup>18</sup> Á Norðurlöndum eru varðveittar ýmsar varnarbætur gegn úlfum og björnum, bæði í Noregi<sup>19</sup> og Svíþjóð<sup>20</sup> og einnig í Finnlandi,<sup>21</sup> en minna verður þeirra vart í Danmörku.<sup>22</sup> Til samanburðar við tóuvers Klemusar skal fyrst tekin sænsk varnarbætur, sem Karin Joens-dóttir gekkst við fyrir rétti í Uddevalla í Bohus-léni 1671:

I Herranss namn  
 körer iagh mitt qweck  
 och kräck i hamn.  
 Jungfru Maria dyra  
 skall mina creatur styra  
 från stock och stehn,  
 från man, från meen,  
 från ulfwetandh  
 och börnerampn  
 och allt dhet ondt,  
 som skadha kan.  
 Min qweck och creatur,  
 heem igen om qwälle  
 medh vår Herres välle!  
 Huar i sin båås,  
 och sät så före vår Herres lååss!  
 I 3 namn:  
 Faders och Sons [och then helige And].  
 Och giör så korss öfwer.<sup>23</sup>

hættu, dauðadómi breytt í útleið, *Frásagnir*, Rvk. 1955, bls. 71–74. Bo Almqvist, *Um ákvæðaskáld*, *Skírnir* 1961, bls. 86.

<sup>18</sup> F. Ohrt, *Trylleord* (Danmarks Folkeminder nr. 25), Kh. 1922, bls. 19–20. Adolph Franz, *Die kirchlichen Benediktionen im Mittelalter*, 1909, II 139. *Handwörterbuch des deutschen Aberglaubens* IX 800–03 (Wolfssegen).

<sup>19</sup> Svale Solheim, *Norsk sætertradisjon*, Oslo 1952, bls. 245 o. á.

<sup>20</sup> E. Linderholm, *Signelser och besvärjelser*, 1917–40, sjá t. d. nr. 212–216, 218–219, 277, 350, 400–401, 711, 886.

<sup>21</sup> F. A. Hästesko, *Motivverzeichnis westfinnischer Zaubersprüche* (FF Communications N:o 19), 1914, bls. 46–51.



Önnur bæn sænsk skyld þessari var skrifuð upp 1598 í Västerbotten og er niðurlag lengri bænar eða bænafléttu; sú sem fór með hafði lært af annarri konu.<sup>24</sup> Upphafið er þekkt sagnabæn: María er á ferð með kúna sína sjúka og hittir Jesú, þau lækna hana (Linderholm nr. 924). Því næst er stuttur kafli, sem byrjar: 'Jag löser mitt fä under gård oc under grinne' (Linderholm nr. 363) — og minnir þetta á upphaf tóuversins íslenska. En síðasti hlutinn er þannig (Linderholm nr. 214; skipað í línur og stafsett eins og þar er gert):

Jag släpper mitt fä uti vigdan vald  
 under Vårs Herres skold  
 oc under Sankte Pæders knä:  
 Gud akte,  
 Gud vakte  
 öfver dy och dale  
 och allt thet min boskap skall fare!  
 Gud vakte them från biørneram  
 oc från ulfve tand!  
 O thu trull, thu bit i mull  
 oc aldrig i mitt boskaps huldt,  
 thu bijt i sten  
 oc aldrig i mitt fælosben!  
 Gudz ord. Amen.

Í þessum flokki varnarbæna virðist mega leita tóuversis Klemusar staðar, og eru þó sum einkenni þess sem ekki koma fram í sænsku versunum, sem var vitnað til. Þar á meðal er særingarorðið *klumsa*. Í íslensku er þetta orð haft einkum um hesta, og er sagt að þeir *verði klumsa* (eða *klumsi*), og á það við sjúkdóm sem lýsir sér m. a. í því að þeir geta ekki hreyft kjálkavöðvana sér til gagns.<sup>25</sup> Eins er kallað að menn séu *klumsa*, þegar þeim verður orðfall. Í norsku er orðið til í særingamáli og er þar notað m. a. í illdýrasæringum. Peder Claussøn

<sup>22</sup> F. Ohrt, *Danmarks Trylleformler*, 1917, bls. 305–07.

<sup>23</sup> E. Linderholm, *tilv. rit*, nr. 215.

<sup>24</sup> Lars Sjödin, Trolldomsrannsakning vid sommartinget i Umeå socken den 14 augusti 1598, *Svenska landsmål* 1934, H. 4, bls. 14–17.

<sup>25</sup> George J. Houser, *Saga hestalækninga á Íslandi*, Ak. 1977, bls. 182–94.

Friis sóknarprestur í Undal í Noregi lýsir því 1599, hvernig úlfurinn geri smalamanninn klumsa og fjárhundinn, ef hann komi auga á þá fyrr en þeir sjá hann, svo að hvorki geti smalamaður hrópað né hundur gelt:

Naar Wlffuen seer Hyrden eller Hund som vogte Fæ, førend de see hannom, daa fordriffuer hand dennom med sin kalde forgifftige Suem at de bliffue hese, at Hyrden kand iche raabe oc Hunden iche giø, oc daa siger mand paa Norsche at Wlffuen klunset dennom.<sup>26</sup>

Þetta er skilið svo, að átt sé við eiturblastur úlfsins eða andardrátt, en einnig kemur fram í lýsingunni forn trú á mátt augnaráðsins, þar sem miklu skipti hvort dýrið sá manninn fyrst eða maðurinn dýrið.<sup>27</sup> Jafnframt settu menn traust sitt á mátt styrkra orða, eins og áður var sagt.

Ronald Grambo hefur skrifað grein um norskar varnarbætur gegn úlfi og birni, og skiptir hann þeim í tvo hópa eftir gerð þeirra. Í öðrum eru bætur sem einkennast einkum af því að gini illdýrisins er læst, og er lykkillinn venjulega í höndum Maríu guðsmóður eða Krists sjálfs. Bæði hafa þau vald yfir þessum dýrum og mátt til að binda þau. Til hins hópsins telur Grambo sagnabætur af algengri gerð: Helg öfl, Kristur og María og stundum sankti Pétur eða aðrir helgir menn, eru á ferð, mæta illdýrinu og binda það eða gera klumsa. Báðar þessar bænagerðir eru af gömlum stofni og hafa borist á milli landa.<sup>28</sup>

Lykillinn helgi kemur ekki við sögu í tóuversi Klemusar, og ekki er það heldur sagnabæn af því tagi sem Grambo lýsir og notaðar voru gegn úlfi og birni í Noregi. Samt sem áður verður fyrir meðal norskra uppskrifta bæn sem virðist á einhvern hátt skyld versinu íslenska. Bang styðst í útgáfu sinni við tvær uppskriftir sem hann telur frá því um 1780 og þriðju uppskriftina sem hann tímasetur um 1800. Aðaltextinn, eins og Bang hefur gengið frá honum, er þannig:

<sup>26</sup> *Samlede Skrifter*, udg. . . af Dr. Gustav Storm, Kria 1881, bls. 27.

<sup>27</sup> Svale Solheim, *tilv. rit*, bls. 245–46. Fleiri dæmi sem hníga í sömu átt eru talin upp í *Deutsches Wörterbuch* von Jacob Grimm und Wilhelm Grimm 14.2, 1960, d. 1247. Sjá einnig Erik Pontoppidan, *Fejekost* . . . oversat og forsynet med indledning af Jørgen Olrik (Danmarks folkeminder nr. 27), 1923, bls. iv (tilvitnun í rit frá 1575 eftir Nils Hemmingsen). Einnig Johan J. Törners *Samling af vidskeppelser*. Med indledning och anmærkningar utgiven av K. Rob. V. Wikman (Skrifter utgivna av Kungl. Gustav Adolfs Akademien 15), 1946, bls. 148 og 194, nr. 946.

<sup>28</sup> Ronald Grambo, Vernebonner mot ulv og björn. En motivanalyse, *Maal og minne* 1965, bls. 153–60.



At klomse Bjørn og Ulve.

Jeg knepper min Klave  
og slipper mit Fæ,  
jeg slipper det frem  
i Jesu Navn.

Jeg lokker det paa den grønne Eng,  
der skal det ræke om  
med Jesu velsignede Nøgler.

Jeg klomser dig Bjørn og Bjørneram,  
jeg klomser dig Ulv og Ulvetand,  
jeg klomser alle Klodyr, i Skogen gaar  
saa nær som Fæhunden vor.

I Navn Gud F. S. og H.aand. Amen.<sup>29</sup>

Þess skal ekki freistað að rekja feril tóuversins íslenska frekar eða samband þess við erlendar illdýrabænir. Til þess þyrfti meira samanburðarefni en kostur er á hér, og er þar ekki síst átt við særingar og bænir utan Norðurlanda. Víðtækari könnun kynni að geta skýrt atriði, sem enn eru óljós í íslenska versinu. Skal hér að lokum aðeins farið nokkrum orðum um gerð þess.

Tóuversið, eins og það kemur okkur í hendur, er þríþætt. A. Í upphafi er bein ræða, og er það bóndi sem talar eða sá sem með fénaðinum fer og flytur bænina. Ummælin kynnu að benda til verknaðar eða afhafna samfara orðunum þeim til styrktar, og er það þó óljóst. B. Því næst er frásögn, þar sem er nefnd til *dýrleg* (*dýra* 186) *móðir*, og gæti hún eftir gerð Klemusar heitið *dis-dys/dís-dýs*, en *des* eftir því sem stendur í 186. Af þessum kostum virðist tækilegast að gera ráð fyrir orðinu *dís*. Hlutverk hennar í versinu virðist nokkuð einsætt. Hún er hið helga afl, sem gefur orðunum mátt: hún geymir sauði sína, eins verða sauðir bónda geymdir. Meiri vafi leikur á því, hver er hin dýrlega móðir eða dýra móðir. Fýsilegt er þó að gera ráð fyrir því að átt sé við Maríu guðsmóður. Þannig virðist Heidemann eða sá annar sem þýddi versið á dönsku 1690 hafa skilið, þar sem hann þýðir: 'den hellig Moder lofver at bevare / hendis faar foruden shade og fare'. Þess má finna dæmi að

<sup>29</sup> Dr. A. Chr. Bang, *Norske Hexeformularer og Magiske Opskrifter*, Kria 1901–1902, bls. 156, nr. 274. Sbr. einnig *Svarbok frá Gudbrandsdalen*, Utgjeve av Velle Espeland (Norsk Folkeminnelags skrifter 110), 1974, bls. 60. Einnig Ronald Grambo, *Norske trollformler og magiske ritualer*, 1979, bls. 118.

litið sé til Maríu guðsmóður sem sveitakonu, sem láti sér annt um fénað sinn og annarra. Alkunn er sú mynd sem kemur fram í íslenskum þulubænum af Maríu sem mjólkur kúna sína, eða gætir að kúnum á meðan þær eru í haga: 'Sankti Mária sjái til kúnna minna'.<sup>30</sup> F. Ohrt vitnar í þýska varnarbæn: 'Christ sun gieng under thür, mein frau Maria trat herfür: Heb uf Christ sun dein hand und verseggen mir (das) viech und das land, dass kein wolf beiss und kein wulp stoss' o. s. frv.<sup>31</sup> Í norskum handritum frá síðari öldum er eftirfarandi bæn (orðamun í útg. sleppt):

For Ulve og Bjørne.

Jomfru Maria gik til Bure  
vakte hun op sin velsignede Søn og sagde:  
'Luk til for Ulvetand  
og Bjørneram  
for Troldkvinder og for alle,  
som mine Kreaturer ilde  
vil spille.'

I 3 Navn F. S. og H.aand. Siden Fadervor.<sup>32</sup>

C. Þá eru særingarorðin, sett fram sem ósk. Þau beinast einvörðungu gegn úlfi. Tóa er ekki nefnd í sjálfu versinu. Því lýkur með nöfnum guðdómsins og heilagri signingu. Þau eru á íslensku í gerð Klemusar Bjarnasonar: 'Í nafni föður og sonar og anda heilags.' Í 186 eru aftur á móti latnesku orðin 'In nomine patris et filii et spiritus sancti' dálítið brengluð. Við þessa notkun heilagra orða og signingarinnar er trúlega átt, þar sem talað er í alþingisdómi um brúkun Klemusar á tóuversi yfir sínum fénaði 'með stórri vanbrúkun guðs heilaga nafns'. Þá kynnu dómsmenn einnig að hafa hugsað til Maríu guðsmóður, ef sá skilningur er réttur að miðhluti versins lúti til hennar.<sup>33</sup>

<sup>30</sup> Ísl. þjóðs. Ól. Dav. II 383. — Jón Samsonarson, Þulan um Maríu, *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn*, Rvk. 1976, bls. 264–65.

<sup>31</sup> F. Ohrt, *Da signed Krist*, Kh. 1927, bls. 198.

<sup>32</sup> Dr. A. Chr. Bang, *tilv. rit*, bls. 158, nr. 278.

<sup>33</sup> Um sumt af því fólki sem kemur við sögu í máli Klemusar má fá nánari vitneskju í handbókum, svo sem í *Íslenskum æviskrám, Lögréttumannatali* og einkanlega í riti Jóns Guðnasonar, *Strandamenn*, 1955. Þar kemur fram að Guðrún, kona Kolbeins Jónssonar á Hrófbergi, var dóttir Árna Einarssonar, sem um tíma var prestur, en bjó síðan á Ósi í Steingrímsfirði. Dauði Guðrúnar eftir veikindi veturinn 1688–89 hefur stuðlað að því eða beinlínis orðið til þess að Kolbeinn hóf málsókn sína.



## SUMMARY

1. IN 1690 an action for sorcery against a man named Klemus Bjarnason was sent from the *hérað* thing at Strandasýsla to the Althing. Klemus was condemned to death but through the intercession of the Amtmaður (superior magistrate), Christian Müller, the execution was stayed and the case sent on appeal to the king. By order of the king's letter, dated May 5, 1691, Klemus was spared, but banished from Iceland for life; Klemus died in Copenhagen in the winter 1691–92. According to Jón Halldórsson from Hítardalur, the Landfógeti, Christoffer Heidemann, stood behind Amtmaður Müller's decision to postpone the death sentence. The judgment of 1690 was the last death sentence for sorcery passed in Iceland.

2. The case of Klemus was investigated at the local *hérað* thing of 1689 and 1690. The transcript from the *hérað* court is preserved in the Þjóðskjalasafn Íslands (the National Archives). The second part of the article describes the investigation at the *hérað* court. From the records we see that Klemus was accused of having caused the sickness of Guðrún Árnadóttir, the wife of Kolbeinn Jónsson, and Ólöf Jónsdóttir, the wife of Jón Bjarnason. At the second *hérað* thing in 1690 the accusations against Klemus were expanded to include the further charge that Jón Bjarnason's child had been tormented by an unclean spirit during the winter of 1689–1690, and that this was caused by Klemus. Further, Klemus was charged with threatening that if he should survive these accusations he would take the life of the man who was most active against him. It was attested that Klemus had long been held in ill repute, and was suspected of sorcery. From the records it seems that the enmity found its source in a dispute over driftwood which Klemus was accused of having secretly taken. Klemus was required to swear an oath of denial, but men could not be found to affirm his oath. In this state, the case was sent to the Althing.

3. Among the new charges which were added at the Althing in 1690 was the acknowledged use by Klemus of a verse called *Tóuvers*, a prayer which he admitted having learned and recited over his sheep. The Althing judgement does not quote *Tóuvers*, but the prayer has been preserved among the case documents which were sent to Copenhagen. The verse is printed in the third part of this article, together with a contemporaneous Danish translation. The verse is also preserved in another source, a manuscript from the East Fjords dating from around 1839. In this nineteenth century manuscript it is said that the purpose of the verse is to ensure a successful roundup of sheep from the summer pastures. The verse was most likely meant to be read in the spring when the sheep are turned loose in the mountains. In the article I argue that the verse is of foreign origin. In support of this position are the words of the spell (*særingarorðin*) which are directed clearly against the wolf, an animal which is not found in Iceland where foxes were the major threat to sheep. In the article I compare Swedish and Norwegian prayers which appear to be related to the Icelandic one.

The Icelandic verse is divided into three parts: The first is in direct discourse. Here the farmer or the person who himself goes with the sheep delivers the prayer. What is said may indicate an accompanying action or a ritual in order to strengthen

the words, but this, however, is not clear. Next comes a narrative section which uses the terms: 'Dys' or 'Des' (*dís?*), the holy (*dýrleg, dyra*) mother ('den hellig Moder' in the Danish translation). I take the position that the reference is to the Virgin Mary, who is known for protecting her sheep from predators. In the third section the words of the spell (*særingarorðin*) are set forth as a request. The verse ends with the name of the deity. According to Klemus the verse was to be read three times forward and three times backwards while making the holy sign of the cross.

English translation by Jesse L. Byock.